

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 700 28. desember 1981 um vitagjald.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vitagjald, kr. 15,00 af hverri brúttórúmllest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærri og taka höfn á landi, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera 2,25.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. desember 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

1. Umferð um **Skjólvang** nýtur forgangs fyrir umferð úr Vesturvangi og Sævangi (biðskylda).
2. Umferð **vestur Lækjargötu**, inn á **Hringbraut** til suðurs nýtur forgangs fyrir umferð austur Lækjargötu, sem sveigt er inn á Hringbraut í sömu átt (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. des. 1982.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 29. nóvember 1982.

Einar Ingimundarson.